



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2017

HÖNN3FH05

Hönnun - Framhald

Kennari:	Helga Jóhannesdóttir	Sk.st.	HJ
-----------------	-----------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Ferlið frá hugmynd að tilbúinni, vandaðri flík tekið fyrir. Að læra að hanna og framleiða flóknari flík, t.d. yfirhöfn, fóðraða eða samansetta út frá valinni, notaðri flík. Byggja á því sem læra má í grunnnámi í hönnun og saumtækni.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Hugmyndavinnu tengda hönnun og úrvinnslu hennar
- Hagkvæmisatriðum tengdum fóðrun og vönduðum frágangi á fötum
- Skipulagi og undirbúningi fatagerðar
- Sniðavinnu, sniðavali, sniðbreytingum og mátun á sniðum með prufuflíkum
- Möguleikum tengdum saumtækni
- Vægi vinnulýsinga og mótun þeirra
- Frágangi hannaðra fata og hluta
- Markaðssetningu hannaðra fata og hluta, þ.m.t. kynningar og sýningar

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að vinna undirbuningsvinnu í fatahönnun og fatagerð. Og að velja sér vinnuferli út frá framangreindu
- að taka afstöðu til efniviðar í hannaðar vörur, t.d. hvort kaupa skuli efni eða nýta það sem er fyrir hendi á aðgengilegan hátt
- Undirbúa efnivið með tilliti til efnisgerðar - leggja snið á efni - merkja fyrir saumförum og sníða nákvæmlega
- að þræða sniðhluta saman og máta grunn hins hannaða hlutar eða flíkur
- að sauma saman og ganga frá flík, frá A til Ö

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Taka ákvörðun um markmið eigin hönnunar
- Vinna eftir eigin markmiðssetningu
- Geta þrætt, mátað og klárað heila, vandaða flík á eigin líkama eða annarra.
- Gert sér grein fyrir mikilvægi þess að koma vöru sinni á framfæri svo hönnun og framleiðsla nýtist sem best.

Námsefni:

Bækur og blöð á sviði hönnunar, handverks og textíls í FSu. Ljósrit og efni af Interneti.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1 2 - 4	ca 17. – 21. ág ca 22. - 16. sept.	Kynning og skipulag Hugmyndavinna	Vinumöppugerð Hönnunarferli hefst
5 - 7 8 - 12 9 - 14	ca 19.spt. - 8.okt ca 11. - 22. okt. ca 24.okt. - 2.ds.	Tilraunavinna með pappír og textíl Sýningarmál Framleiðsla og frágangur á flík(um) allt eftir umfangi	Prufugerð Vinnuframlag v sýninga Myndræn vinnulýsing með einni eða fleiri flík
9 - 14	ca 24.okt. - 2. des.	Vettvangsferð	Myndræn lýsing á ferð

Sérreglur áfangans:

1. Vinnumappa merkt og myndskreytt í takt við innihald. Mappan sé ávalt til taks á vinnuborði ásamt ritföngum, efnivið og áhöldum verkefna hvers tíma.
2. Nemandi sinni símati vikulega í samvinnu við kennara: Innlögn 1 x í viku, verkefnaskil 1 x í viku. Samráð við kennara um heimaverkefni og persónulegt vinnulag.
3. Öllum verkefnum áfangans séu gerð skil í vinnumöppu jafnóðum.
4. Efnisgjald, kr. 7.000 skal greiðast á skrifstofu skólans. Nemandi fær efni í vinnumöppu og minni háttar efni (tvinna, flíselín, sniðapappír o.fl.), ásamt afnotum af öllum tækjum, áhöldum og efnivið sem Textildeild FSu hefur yfir að ráða.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Símat og leiðsagnarmat í öllum þáttum námsins	Samvinna kennara og nemenda við sameiginlegt matsblað hópsins. Tilraunavinna við gerð leiðsagnarmats. Megin þættir áfangans eru: Gagnasöfnun, úrvinnsla, mótun, prufuhlutur og/eða tilraunavinna, auðskilin vinnulýsing, fullunnin fylgihlutur, umfang hans, frágangur og markaðssetning.	100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.